

Minn staður á Norðurlöndunum

*Leiðbeiningar fyrir leikskólakennara
á Norðurlöndunum*



Velkomin!

Norræna félagið í Svíþjóð vinnur að því að hvetja og skapa forsendur fyrir nýjum tengslum, samræðum og samstarfi þvert á Norðurlöndin. Hlutverk félagsins er einnig að stuðla að samræðum milli einstaklinga og stefnumótandi aðila á Norðurlöndunum. Í því verkefni þurfum við að vinna með einstaklinga í öllum aldurshópum. *Minn staður á Norðurlöndunum* er fræðsluefni fyrir barnahópa á aldrinum 5–6 ára, sem unnið er af félaginu og samstarfsaðilum okkar Nordisk Förskola, fræðilegum ráðgjöfum og norrænum leikskólakennurum. Efnið er þróað til þess að safna og birta frásagnir barna af hversdagslegu lífi. Í efninu er einnig að finna æfing sem veitir tækifæri til að skapa einlægar samræður sem þjálfa samskiptahæfni barnanna. Hér að neðan fylgja leiðbeiningar fyrir leikskólakennara sem vilja vinna með efnið *Minn staður á Norðurlöndunum*. Efnið sem við fáum inn gegnum verkefnið verður tekið saman svo að börnin geti fengið að lesa um upplifanir annarra barna.

Við hlökkum til að heyra ykkar sjónarhorn.

Josefin Carling

Framkvæmdastjóri

Norræna félagið í Svíþjóð, 2024.



Fáum börn til að taka þátt í lýðræðisstarfi á Norðurlöndunum!

Minn staður á Norðurlöndunum er hluti af stærra verkefni sem snýst um þátttöku einstaklinga í samfélagsþróuninni. Í verkefninu fá leikskólabörn, framhaldsskólanemendur og félagsmenn Norræna félagsins að deila sínum hugleiðingum og sjónarmiðum. Hlutar af efninu sem við fáum inn munu birtast í útgáfunni *Nordperspektiv*, riti sem kemur út einu sinni á ári og vekur athygli á einu tilteknu málefni á Norðurlöndunum í hverri útgáfu. Ritinu er dreift til stefnumótandi aðila í sveitarfélögum, á landsvísu og á norrænum vettvöngum. Um er að ræða leið til að vekja athygli á fleiri sjónarmiðum um sameiginlega framtíð okkar á Norðurlöndunum. Ef þið hafið áhuga á að lesa útgáfuna frá í fyrra, smellið [hér](#). Í greininni [Demokratinn máste levandegöras](#) er fjallað um þróunina á þessu efni fyrir leikskóla.

Efnið hefur verið þróað í þremur þáttum með aðstoð fræðilegra ráðgjafa og byggist það á aðgerðaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar „[Framtíðarsýn okkar 2030](#)“. Framtíðarsýnin hefur verið tekin upp af ríkisstjórnunum norrænu landanna, en markmið hennar er að gera Norðurlöndin að sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Til að gera framtíðarsýn ríkisstjórnanna að veruleika er nauðsynlegt að einstaklingar taki þátt og tjái hugmyndir sínar um framtíðina. Í markmiði 11 í framkvæmdaáætluninni kemur meðal annars fram: „Norræna ráðherranefndin mun veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterka rödd, auka aðild þeirra að norrænu samstarfi og þekkingu á tungumálum og menningu frændþjóðanna.“ Þetta er grundvöllurinn að efninu sem Norræna félagið í Svíþjóð hefur þróað.

Minn staður á Norðurlöndunum

Efninu *Minn staður á Norðurlöndunum* er skipt í þrjá þætti: Samtal um öryggi, hópæfing þar sem börnin fá að lýsa sínum leikskóla og að lokum listræn vinnustofa þar sem börnin fá að teikna sinn uppáhaldsstað. Hvorki þarf að fara í þessa þætti í sérstakri röð né er skylda að fara í alla þrjá. Á haustönn 2024 mun Norræna Félagið í Svíþjóð taka saman öll framlögin og gefa leikskólum sem taka þátt tækifæri til að skoða þau.

1

Okkar leikskóli!

Í þessum þætti getur þú sem kennari talað við börnin um Norðurlöndin sem svæði. Miðið við aðstæður í ykkar eigin leikskola og látið börnin leika og tala saman um málefni eins og vináttu, sambönd og sjálfbæran lífsstíl. Þið getið einnig rætt saman um hvernig börnin halda að leikskólar séu í öðrum norrænum löndum. Í þessum þætti eiga börnin einnig að búa til merki fyrir leikskólann. Merkið getur verið myndmerki, fáni, myndasafn eða eitthvað annað listrænt. Takið svo mynd af merki barnanna og sendið til Norræna félagsins í Svíþjóð. Börnin fá líka að sjá merki frá öðrum skólum.

2

Málhvíld

Samtalið um öryggi byggist á samtalsaðferð sem kallast Málhvíld. Málhvíld er aðferð sem þróuð var af finnsku nýsköpunarstofnuninni Sitra. Markmiðið með að þróa aðferðina er að íbúar Finnlands verði bestir í heimi í samtölum. Í þessum þætti eiga kennarar að stjórna samtalinu samkvæmt þeim leiðbeiningum sem er að finna hér.

3

Minn staður á Norðurlöndunum

Í þessari listrænu vinnustofu fá börnin að mála og teikna sinn eigin uppáhaldsstað. Kennarar eru hvattir til að spyrja börnin út í efnið og skrifa svo nokkrar setningar á myndirnar með upplýsingum um staðinn. Takið myndir af verkum barnanna og sendið inn til Norræna félagsins í Svíþjóð, sem mun taka saman efnið og senda til leikskólanna sem taka þátt.

Kynning:


Norðurlöndin sem þema

Áður en þið farið í þessa þrjá þætti efnisins vill Norræna félagið hvetja kennara til að skoða Norðurlöndin sem þema með börnunum. Að sjálfsögðu er hægt að gera þetta á ótal vegu og mögulega hafið þið nú þegar unnið með Norðurlöndin sem þema. Sama hversu vel börnin þekkja Norðurlöndin sem svæði má nota eftirfarandi dæmi um aðferðir til að fjalla um Norðurlöndin á skemmtilegan og fræðandi hátt.

Nokkur dæmi fyrir ykkur!

- Teiknið norrænu fánana
- Skoðið kort af Norðurlöndunum og ræðið við börnin, er einhver sem á fjölskyldu eða vini í öðru norrænu landi eða hefur heimsótt annað norrænt land?
- Hlustið á lagið Kalli litli könguló á mismunandi norrænum tungumálum og gerið hreyfingarnar saman.
- Lesið sögur á mismunandi norrænum tungumálum fyrir börnin. Þið finnið mikið úrval slíkra bóka á heimasíðu Nordisk kulturkontakt "[Norræni bókagleypirinn](#)".
- Ræðið um (eða borðið!) norræna matarrétti.
- Skoðið myndir frá norrænu löndunum. Hvernig lítur náttúran út? Geta börnin parað saman norrænu fánana og náttúrumyndirnar?
- Ræðið um norrænar hefðir. Hvernig eru þær mismunandi milli landanna okkar? Og hvaða hefðir eiga minnihlutahópar landanna?





Leikur og samtal

Gefið börnunum verkefni að sækja einhvern hlut í húsnæðinu sem þau hafa gaman af. Allir velja einn hlut. Setjist í hring og látið hvert og eitt barn útskýra hvers vegna það valdi þennan hlut og hvernig þessi hlutur skapar gleði. Hér að neðan eru nokkur dæmi um spurningar sem þið getið notað í umræðunum:

- Er eitthvað sem er líkt og ólíkt með hlutunum sem börnin völdu?
- Hvernig hefði verið ef öll börnin hefðu valið eins hlut?
- Hvernig hefði verið ef einhver annar hefði átt að ákveða hvað er skemmtilegt?
- Hvað haldið þið að börnum í leikskólum í öðrum norrænum löndum finnist gaman að leika sér við?

Vänskap & relationer

Þetta samtal snýst um að ræða við börnin um vináttu og sambönd. Þú sem kennari mátt gjarnan nefna raunverulegt dæmi frá ykkar leikskóla þegar eitt eða fleiri börn hafa verið sérstaklega góðlynd og umhyggjusöm í samskiptum. Segið frá aðstæðunum og ræðið við börnin um hvað það var sem gerði samskiptin svo jákvæð. Ræðið málið nánar og látið börnin nefna fimm hluti sem maður getur gert til að sýna vináttu. Hvað gerir maður ef maður vill vera góður vinur?

Gerið verkefnið skemmtilegra:

- Látið börnin finna upp hreyfingar eða tákni sem sýna hvernig maður er góður vinur
- Látið börnin vinna saman til að skapa dans undir tónlist

Sjálfbær lífsstíll

Ræðið við börnin um litla og stóra hluti sem maður getur gert í sínu hversdagslegu lífi sem eru góðir fyrir dýr og náttúru. Spyrjið börnin t.d. eftirfarandi: Getið þið nefnt hluti sem maður getur gert sem eru góðir fyrir náttúruna? Látið börnin nefna þrjá hluti sem leikskólinn gerir sem eru góðir fyrir náttúruna. Ræðið á hvaða hátt þeir eru góðir.


Látið börnin íhuga og ræða saman:

- Getið þið nefnt hluti sem maður getur deilt í staðinn fyrir að allir fái sitt eigið eintak? Til dæmis getur maður jú fengið bækur að láni frá bókasafninu. eru fleiri hlutir sem maður getur notað saman eða fengið að láni?
- Getur eitthvert barnanna nefnt dæmi um hluti sem þeir deila í sínu daglegu lífi?



1

Okkar leikskóli!



Sköpun

Sem síðasta skref í þessum þætti fá börnin verkefnið að búa til sameiginlegt merki fyrir leikskólann. Merkið getur verið myndmerki, fáni, myndasafn eða eitthvað annað listrænt. Ræðið við börnin til að finna dæmi um það sem getur verið táknrækt fyrir leikskólann ykkar. Er eitthvað sérstakt sem þið mynduð vilja sýna á ykkar merki? Það getur t.d. verið eitthvað sem er einkennandi fyrir staðinn sem leikskólinn ykkar er á, mögulega eitthvað af þeim táknum sem þið sköpuðu til að tákna vináttu, eða eitthvað allt annað sem börnin eru hrifin af.

Gerið svona:

1. Komið ykkur saman um hvers konar merki þið viljið skapa og notið viðeigandi efni sem til er í leikskólanum.
2. Sýnið ferlið! Takið mynd af merki leikskólans. Sendið myndina á netfangið utveckla@norden.se með efnið „Vår förskola - [nafn leikskólans]“. Börnin fá svo að sjá framlög frá öðrum í norrænum pakka.

Aðalnámskrá leikskóla 2011, 9.3 Sjálfbærni og vísindi

Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. [...] Börn skulu fá tækifæri til að kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna.



Ábendingar áður en þið byrjið!

- Íhugaðu hvernig þú sem kennari getur undirbúið hópinn fyrir samtalið á góðan hátt. Að lesa greinarnar „Trygghet har flera dimensioner“ og „Låt barnen ta plats i samtalen“ getur verið innblástur fyrir þig sem kennara.
- Ræðuprik, þ.e. prik eða annar hlutur sem þarf að halda á til að fá réttinn til að tala, getur verið góð aðferð til að tryggja að allir fái að tjá sig. Íhugið hvort þið hafið nú þegar skapað eitthvað sem gæti verið hægt að nota sem ræðuprik og hvort þetta gæti verið áhugavert fyrir börnin í samtalinu.
- Ef þið hafið fleiri en tíu börn getur verið gott að skipta þeim í hópa fyrir samtalið.

Málhvíld – samtal um öryggi

Þessi þáttur hefur fengið innblástur af samtalsaðferðinni Málhvíld og er hannaður til að veita börnum tækifæri til að eiga einlæg samtöl og þróa samskiptahæfni sína. Þessi hlutur hentar fyrir um 5–10 þátttakendur. Ef þátttakendur eru fleiri getið þið skipt ykkur í hópa. Tilgangurinn er að skapa vingjarnlegt og jákvætt samtal þar sem kennarinn stjórnar samtalinu á skýran hátt með því að undirbúa spurningar. Þemað fyrir samtalið í þessum hluta er öryggi en það er alveg hægt að velja annað málefni eða þema sem þið nú þegar eruð að vinna með í leikskólanum.

Reglur samtalsins!

1. Hlustið vel á þann sem er með orðið
2. Ekki grípa fram í fyrir öðrum
3. Talaðu bara þegar þú ert með ræðuprikið

Gerið svona!



1. Setjist í hring svo að börnin sjái hvert annað.
2. Farið yfir reglur samtalsins. Á næstu síðu er að finna yfirlit yfir reglurnar um merkin. Það er í lagi að prenta þessa síðu og hengja upp svo að börnin sjái reglurnar meðan á samtalinu stendur.
3. Útskýrið að þið ætlið að nota ræðuprik til að gefa öllum tækifæri til að tjá sig. Sem kennari getur verið sniðugt að skrá í hverri röð börnin hafa rétt upp hönd til að vera með á hreinu hver á að fá orðið næst. Stundum gæti þurft að fylgja ekki réttri röð til að hleypa einhverjum að sem ekki hefur talað mikið.
4. Byrjaðu á því að fjalla um eina af þeim spurningum sem þú hefur undirbúið og láttu þátttakendur biðja um orðið með því að rétta upp hönd. Ef enginn réttir upp hönd getur þú valið einn þátttakanda og hvatt hann til að segja frá sínum hugleiðingum. Stjórnaðu samtalinu eins og þú getur með því að spyrja þeim sem tjá sig spurninga. Leggðu áherslu á að spyrja spurninga sem byrja með „hvernig“ í staðinn fyrir „hvers vegna“. Markmiðið er að fá að heyra reynslu og upplifanir barnanna. Við mælum með þessari spurningu: „Þegar X segir þetta, hvers konar tilfinningar vakna hjá ykkur hinum?“
5. Ljúktu við samtalið með því að þakka öllum börnunum fyrir þátttökuna og frásagnir þeirra.

Spurningabanki um öryggi

1. Hvað hugsar þú þegar þú heyrir orðið „öruggur“?
2. Hvernig líður þér (í líkamanum þínum) þegar þú upplifir öryggi?
3. Getur þú sagt frá minningu af aðstæðum þar sem þú upplifðir öryggi? Hvað heldur þú hafi látið þér líða þannig?
4. Hvað heldur þú að þú sjálfur gætir gert til að láta önnur börn á leikskólanum upplifa öryggi?

Aðalnámskrá leikskóla 2011, 6: Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Lítið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð.

Reglur samtalsins!



1. Hlustið vel á þann sem er með orðið
2. Ekki grípa fram í fyrir öðrum
3. Talaðu bara þegar þú ert með ræðuprikið

1.



2.



3.



3

Minn staður á Norðurlöndunum



Ábendingar áður en þið byrjið!

Leggið mikið upp úr því að skapa gott hópsamtal áður en þið farið að teikna. Þetta getur hjálpað börnunum að vera meira sakapandi!

Uppáhaldsstaðurinn

Hvert og eitt barn fær tækifæri til að segja frá sínum hugleiðingum og lýsingu á sínum stað á Norðurlöndunum gegnum listræna sköpun. Börnin fá verkefni að mála og segja frá staðnum sem þau búa á. Það gæti verið þeirra eigin heimili, leikskólinn eða annar upphaldsstaður. Mögulega er einhver staður sem einhverjum líkar mjög vel en sem aðrir hafa aldrei verið á. Börnin velja sjálf hvað þau vilja teikna.

Gerið svona!

1. Byrjið á því að ræða saman í stórum eða minni hópum. Látið börnin segja frá sínum upphaldsstað sem þeim finnst gaman að vera á. Tilgangur samtalsins er að vekja ímyndunarafl hver annars. Í þessum hluta getur líka virkað vel að nota ræðuprik. Þið sem kennarar megið gjarnan aðstoða við að leiða samtalið með því að spyrja fleiri spurninga.
2. Látið hvert og eitt barn mála, teikna eða sýna sinn stað á einhvern hátt.
3. Takið myndir af framlögum barnanna. Sendið svo myndirna á netfangið utveckla@norden.se með efnið „Min plats i Norden - [nafn leikskólans]“. Við söfnum myndunum og börnin fá svo að sjá framlög frá öðrum í norrænum pakka.

Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2.1: Grunnþættir menntunar

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. [...] Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun.

Um Norræna félagið í Svíþjóð

Norræna félagið er lýðræðisleg félagasamtök sem eru óháð flokkspólitík og trúarbrögðum. Félagið hefur frá 1919 unnið fyrir því að greiða fyrir og efla samstarf og samhug á Norðurlöndunum og umheiminum. Okkar hugsjón er opin, lýðræðisleg, samverkandi og sjálfbær Norðurlönd sem þróast fyrir framtíðina, af okkur öllum.

Við sköpum tengingar og greiðum fyrir samtölum og samstarfi milli aðila og þvert á landamæri Norðurlandanna. Okkar starfsemi er opin öllum. Starfsemi okkar fer fram í svæðisbundnum félagsdeildum, á skrifstofum félaganna og milli Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.

Lesið gjarnan meira á norden.se eða hafið samband við okkur á info@norden.se

Við þökkum kærlega fyrir ykkar þátttöku!

Norræna félagið í Svíþjóð, 2024.

